

BÓKUN

um lok samráðsferlis skv. lögum um hópuppsagnir nr. 63/2000

Stjórn Eflingar - stéttarfélags samþykkti tillögu um skipulagsbreytingar 11. apríl 2022, með fyrirvara um samráð við trúnaðarmenn, sem fólu í sér áform um hópuppsögn skv. lögum nr. 63/2000, um hópuppsagnir. Sama dag voru trúnaðarmönum sendar upplýsingar skv. 6. gr. laganna og haldinn samráðsfundur með trúnaðarmönum þar sem þeir komu sjónarmiðum sínum og tillögum á framfæri skv. 5. gr. laganna.

Trúnaðarmenn lýsa yfir andstöðu við hópuppsögnina og telja ekkert því til fyrirstöðu að ná yfirlýstum markmiðum stjórnar Eflingar með öðrum hætti.

Þar sem ekki tókst að ná samkomulagi um aðra leið fallast trúnaðarmenn á að gera samkomulag að hluta, þ.e. um framkvæmd á uppsagnarfresti. Að teknu tilliti til athugasemda og sjónarmiða trúnaðarmanna er nú gert samkomulag um eftirfarandi atriði sem gilda munu um framkvæmd hópuppsagnarinnar:


Öllum starfsmönum verður tryggður að lágmarki þriggja mánaða uppsagnarfrestur, þ.e. einnig þeim sem hafa ekki áunnið sér sílan rétt samkvæmt kjarasamningi eða ráðningarsamningi.

Ef starfsmanni býðst starf hjá öðrum atvinnurekanda á uppsagnarfresti og hann óskar af þeim sökum eftir að láta af störfum áður en uppsagnarfrestur er liðinn mun Efling samþykkja það með eins stuttum fyrirvara og unnt er og falla frá réttindum og skyldum það sem eftir er uppsagnarfrests.


Starfsmönum sem þess óska munu fá svigrúm á uppsagnarfresti til þess að sækjast eftir öðrum störfum, þ.e. fara í starfsviðtöl, undirbúa þau og fleira þess háttar á vinnutíma. Beiðnir um síkt skulu þó berast fyrir fram til næsta yfirmanns, eigi síðar en degi áður en starfsmaður fyrirhugar að vera frá vinnu af þessum sökum.

Starfsmenn sem óska þess verða leystir undan vinnuskyldu síðasta mánuð uppsagnarfrests, án skerðingar launa fyrir þann mánuð.

Reykjavík, 12. apríl 2022.


Alma Pálmaðóttir trúnaðarmaður Eflingar


Gabriel Benjamin trúnaðarmaður VR


Daníel Iseborn Ágússon f.h. stjórnar Eflingar